

Landssamtök hjólréiðamanna
Pósthólf 5193
125 Reykjavík
www.islandia.is/lhm
lhm@islandia.is

Ólafur Stefánsson
Hjá Gatnamálastjóra.

Úrbætur á gönguleiðum 2001 Minnisblað vegna korts með áætluðum lagfæringum á gönguleiðum.

Ég bar teikninguna (*Úrbætur á gönguleiðum 1995-2001; Vesturhluti Borgarinnar*) undir Harald Tryggvason og Magnús Bergsson, stjórnarmenn LHM.

Okkur lýst almennt vel á þær tillögur sem liggja fyrir. Þó eru nokkrir staðir sem okkur langar að benda á, hvort sem þeir falla undir þetta verkefni eða eitthvað annað.

1. **Gullinbrú:** Stígur er enn ófrágenginn í kringum brúna. Þær eru búnar að dragast alltof lengi og með tilliti til þess að ekki er um margar aðrar leiðir til og frá Grafarvogi að ræða þá ætti þetta að vera forgangsverkefni.



2. **Hitaveitustokkur við Elliðaár:** Rampi (úr tré) upp á stokkinn, að vestanverðu, er of brattur fyrir börn á hjólum og fólk með kerrur og vagna. Einnig mætti laga stíginn að stokknum. Hann er mjög ósléttur og erfiður yfirferðar.



3. **Laugarnes og Sæbraut:** Þegar hjólað er á öxl við Laugarnes, kemur upp sú staða að hjólað er á móti umferð. Tilvalið væri að setja skilti sem varar við umferð

vélknúinna
ökutækja við
umferð hjólandi,
til að koma í veg
fyrir þirring yfir
þessum „vitlausu
hjólreiðamönnum“ sem hjóla á
móti umferð, hjá
ökumönnum
vélknúinna
ökutækja.


Á hverjum vetri
mókar sjórinn
grjóti og drasli

upp á stíginn meðfram Sæbraut. Sumstaðar rífur hann stíginn hreinlega upp. Svo virðist vera að þetta sé einmitt þar sem óþarfa hlykkir eru á stígnum. Hugsanlega mætti minnka viðhald stígsins í eitt skipti fyrir öll með því að rétta úr þessum hlykkjum. Að minnsta kosti myndi það gagnast hjólreiðamönnum.



4. **Loftleiðir:** Stígar mætast ekki og engar merkingar um hvert skal halda. Annað hvort merkingar eða leiða stígana saman. Það að stígarnir eru ekki eðlilegt

framhald hvor af
öðrum verður til þess
að fólk gengur og
labbar á götunni
(þegar það er á leið
suður að
Nauthólsvík). Á
stígnum frá
Flugvallavegi að
Fossvogs/Ægissíðust
ígnum eru 2 staðir
sem fara undir vatn á
veturna vegna
hæðarlegru.



5. **Miklabraut:** Móts við Kringluna (norðanverðu). Mikil hætta skapast fyrir óvarðavegfarendur við að fara yfir að-og fráreinar og aðra rampa þar sem ökutæki koma óviðbúið á mikill ferð eins og á þessum stað (á leið að og frá Kringlunni). Svo virðist vera að einfalt sé að komast hjá þessu vandamáli með því að leiða stíginn norður fyrir.



6. **Sæbraut milli Skeiðarvogs og Sæviðarsunds:** Brýnt er að leggja stíg milli Skeiðarvogs og Holtavegs við Sæbraut. Þó væri enn betra ef hann væri tengdur áfram og lagaður að Sæviðarsundi.



Kveðja

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Gsm. 692 2961
Vs. 585 1540